

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt stjórnvalda
Mál nr. 60/2022

Reykjavík, 21. mars 2022.
Tilv.: 2203014

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (gjaldmiðlaáhætta)

1. Vísað er til frumvarpsdraga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (gjaldmiðlaáhætta lífeyrissjóða, rafræn birting). Samkvæmt kynningu er meginmarkmið frumvarpsins að leggja til rýmkun á heimildum lífeyrissjóða til fjárfestinga í eignum í erlendum gjaldmiðlum þannig að þeir geti betur nýtt þær heimildir sem þeir hafa til þess háttar fjárfestinga. Í frumvarpinu er vísað til skýrslu fjármála- og efnahagsráðherra um stöðu lífeyrissjóða um stöðu lífeyrissjóða í hagkerfinu (151. löggjafarþing, þingskjal 1902 – 614. mál), en Már Guðmundsson, hagfræðingur og fyrrverandi seðlabankastjóri var fenginn til að vinna skýrsluna.
2. Rýmkun á heimildum lífeyrissjóða til fjárfestinga í eignum í erlendum gjaldmiðlum fellur vel að þeim áhyggjum sem Samkeppniseftirlitið hefur sett fram á síðustu árum, að því er varðar möguleg áhrif þess á samkeppni að lífeyrissjóðir eigi veigamikla eignarhluti í fleiri en einum keppinanti á sama markaði.
3. Samkeppniseftirlitið saknar þess hins vegar að nánar sé fjallað um samkeppnisleg áhrif af víðtæku eignarhaldi lífeyrissjóða á atvinnufyrirtækjum. Vísa má til þess sem fram kemur um þetta í [samantekt](#) Más Guðmundssonar úr skýrslunni, en þar er tekið undir það að eðlilegt sé að hafa áhyggjur af hárrí eignarhlutdeild lífeyrissjóðanna í skráðum innlendum hlutafélögum og áhrifum þess á samkeppni. Að mati skýrsluhöfundar sé hvorki mögulegt né skynsamlegt að ákvarða tiltekna hlutdeild lífeyrissjóða í skráðum hlutafélögum sem hættumörk varðandi samkeppni. Leiðin fram á við felist í að taka til skoðunar áhyggjur af samkeppnislegum áhrifum eignarhalds lífeyrissjóðanna og efla innlandan markað fyrir skráð hlutabréf.¹
4. Með hliðsjón af framangreindu telur Samkeppniseftirlitið tímabært að taka dýpri umræðu um það hvort og hvernig unnt sé að gera breytingar á umgjörð löggjafans og annarra stjórnvalda um starfsemi lífeyrissjóða, sem til þess væru fallnar að draga úr mögulegum skaðlegum áhrifum þess á samkeppni að sami lífeyrissjóður eigi veigamikinn eignarhlut í fleiri en einum keppinanti á sama markaði.
5. Slíkar aðgerðir geta t.d. falist í því að gera breytingar á hámarksfjárfestingu lífeyrissjóða í hverju einstöku fyrirtæki, gera breytingar á stjórnskipulagi lífeyrissjóða, útfæra lög eða reglugerðir er lotið gætu að hvatakerfi stjórnenda í slíkum hlutafélögum eða rýmka heimildir til fjárfestingar erlendis. Í fyrirbyggjandi frumvarpsdrögum er einungis fjallað um síðasta atriðið, en athygli vekur

¹ Sjá: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/09/03/Skyrsla-um-stodu-lifeyrissjoda-i-hagkerfinu/>.



að í framkomnum umsögnum við frumvarpsdrögin eru sett fram sjónarmið um að hækka þau mörk enn frekar og flýta breytingunni.

6. Um áhyggjur Samkeppniseftirlitsins af eignarhaldi lífeyrissjóða á atvinnufyrirtækja má vísa til skýrslu eftirlitsins nr. 2/2021, [Stjórnunar- og eignatengsl fyrirtækja – verkefni Samkeppniseftirlitsins 2008-2021](#).² Samantekt á þessu er að finna í b-lið 22. málsgreinar í skýrslunni, sem og yfirlitum I og II sem fylgja skýrslunni.
7. Einnig vísar Samkeppniseftirlitið sérstaklega til sjónarmiða sem sett voru fram í tengslum við umfjöllun Alþingis um tillögur Bankasýslunnar að sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka, sbr. [umsögn](#) til fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 3. mars 2022, sbr. og [umsögn](#) um fyrri sölu á eignarhlut í bankanum, dags. 13. janúar 2021.³

Virðingarfyllt,

Samkeppniseftirlitið

² Sjá: <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2021/Skyrsla-2-2021.pdf>.

³ Sjá: <https://www.samkeppni.is/media/umsagnir-2022/Umsogn-8-2022.pdf> og <https://www.samkeppni.is/media/umsagnir/Sala-a- eignarhlut-i-Islandsbanka-Umsogn-SE-jan-2021.pdf>.